



**NORÐURÞING**

# **Málefnasamningur 2026-2030**

SJÁLFSTÆÐISFLOKKS, SAMFYLKINGAR, FRAMSÓKNARFLOKKS OG ÓSKALISTA





# Málefнасamningur um meirihlutasamstarf

01

Sjálfstæðisflokkur (D), Samfylking (S), Framsóknarflokkur (B) og Óskalisti (Ó) gera með sér eftirfarandi samkomulag um stjórnun sveitarfélagsins Norðurþings og meirihlutasamstarf í sveitarstjórn kjörtímabilið 2026 til 2030. Fulltrúar listanna munu vinna að þessu samstarfi af heilindum og með hag íbúa og sveitarfélagsins að leiðarljósi.



*Tilnefningar í embætti:*

Sveitarstjóri verði faglega ráðinn

Forseti sveitarstjórnar verði af D lista

2. varaforseti sveitarstjórnar verði af B lista

Formaður byggðarráðs verði af S lista

Formaður fjölskylduráðs verði af S lista

Formaður skipulags- og framkvæmdaráðs verði af D lista

Formaður Orkuveitu Húsavíkur ohf. verði af D lista

Formaður hafnarstjórnar verði af B lista



# Fjármál og stjórnsýsla

02

Við ætlum að auka aga og ábyrgð í rekstri sveitarfélagsins, hlúa að grunnþjónustu og markvissari innviðauppbyggingu. Norðurþing á að vera fyrirmynd stórra fjölkjarna sveitarfélaga, þar sem grunnþjónusta er tryggð og styrkleikar starfsfólks nýttir þvert á byggðarkjarna. Við ætlum að undirbúa og fagna 80 ára kaupstaðarafmæli Húsavíkur árið 2030.

- Aðhald í rekstri: Ábyrg útgjaldastýring og innleiðing fjármálareglu.
- Efling stjórnsýslu: Bætt aðstaða, skilvirkar boðleiðir og verklag í þjónustu við íbúa t.d í gegnum íbúagátt og heimasíðu.
- Eignastýring: Skoða nýtingu og mögulega sölu eigna sem nýtast ekki í lögbundna þjónustu sveitarfélagsins.
- Endurskoðun samþykktar: Við innleiðingu nýrra sveitarstjórnarlaga verði samþykktir endurskoðaðar, þar verði tekin afstaða til fækkunar sveitarstjórnarfulltrúa og hlutverks hverfisráða/heimastjórna.
- Lækkun álagningar: Um leið og færi gefst verði haldið áfram á þeirri vegferð að lækka álagningu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.
- Hagsmunagæsla: Höfð verður uppi hagsmunagæsla gagnvart ríkinu, t.d. varðandi aukið fjármagn og samstarf um eflingu brothættra byggða sveitarfélagsins, gagnvart óstaðbundnum störfum á vegum ríksins og ríkisstofnana sem hægt er að vinna í Norðurþingi og opnun Húsavíkurflugvallar fyrir sjúkraflug.



# Fjármál og stjórnsýsla

03

- Markaðsetning: Aðstaða á vegum sveitarfélagsins fyrir óstaðbundin störf á Kópaskeri og Raufarhöfn.
- Stefnumótun: Unnin verði stefna um notkun gervigreindar í starfsemi sveitarfélagsins og fylgt eftir með þjálfun starfsfólks.
- Samningar: Við endurskoðun rekstrar-, styrktar- og þjónustusamninga skulu samningsmarkmið endurskoðuð m.t.t. lögbundinna skylda sveitarfélagsins og markmið sveitarfélagsins með gerð slíkra samninga.

## Atvinnulíf og byggðarþróun

Stefna Norðurljósa í atvinnumálum verður að vera skýr. Við ætlum að efla allt sveitarfélagið með góðu framboði lóða til atvinnuuppbyggingar, aðgengi að þjónustu og öflugum tækifærum í öllum byggðarkjörnum. Áfram verður áhersla á uppbyggingu á Bakka og að auki á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf í sveitarfélaginu öllu. Norðurljósa á að vera aðlaðandi fyrir rótgróin fyrirtæki jafnt sem ný.

- Uppbygging á Bakka: Langtímasýn verði höfð að leiðarljósi með áherslu á fjölbreytta atvinnustarfsemi og áframhald á stöðu verkefnastjóra.
- Atvinnuþróun víðar en á Bakka: Styðja fiskeldi, úrvinnslu landbúnaðar- og sjávarafurða.



# Atvinnulíf og byggðapróun

04

- Orkumál: Virkt samtal við Landsvirkjun og Landsnet um raforkuinnviði og þrýstingur á heitavatnslögn frá Peistareykjum að iðnaðarsvæðinu á Bakka. Halda áfram leit að heitu og köldu vatni á vegum Orkuveitu Húsavíkur. Leita lausna fyrir svæði án hitaveitu, m.a. með varmadælum og nýrri tækni.
- Byggðakvóti: Standa vörð um almennan og sértækan kvóta til að styrkja sjávarútveg og byggðir.
- Markaðssetning: Kynna Norðurþing fyrir fólki og fyrirtækjum, m.a. með nýjum lóðavef.
- Lóðaframboð: Tryggja nægt framboð fjölbreyttra lóða fyrir íbúðar- og atvinnuuppbyggingu í öllum byggðarkjörnum sveitarfélagsins.
- Brothættar byggðir: Þrýsta á ríkið um öflugri aðkomu að byggðapróun og fjármögnun í tenglum við verkefni brothættra byggða.
- Uppbygging atvinnuhúsnæðis: Kanna þörf fyrir atvinnuhúsnæði á Kópaskeri og Raufarhöfn og kanna leiðir til samstarfs við Byggðastofnun um uppbyggingu húsnæðis sé grundvöllur fyrir því.
- Ferðapjónusta allt árið: Markaðssetning Norðurþings sem heilsársáfangastaðar.
- Hafnir og skemmtiferðaskip: Tryggja gott aðgengi og halda áfram markaðsátaki í þeim tilgangi að laða skemmtiferðaskip að höfnum Norðurþings.
- Samgöngur: Þrýsta á um endurnýjun brúa sem eru einbreiðar og vetrarþjónustu eins og um Dettifosveg og inn í Ásbyrgi.
- Menning og samfélag: Hlúa að söfnum og sýningum sem lykilþáttum í samfélagi og ferðapjónustu.



# Skipulag og uppbygging

Við viljum að Norðurþing sé sveitarfélag í vexti. Við viljum skapa öruggt og aðlaðandi umhverfi fyrir fjölskyldur, fyrirtæki og gesti allt árið. Markmiðið er að byggja upp lifandi, fallett og aðgengilegt sveitarfélag þar sem íbúar, atvinnulíf og náttúra blómstra í sátt.

- Innviðir sem fylgja vexti: Tryggja að þjónusta og aðstaða fyrir þjónustu haldi í við fjölgun íbúa og fyrirtækja, s.s. með undirbúningi byggingar nýs leikskóla á Húsavík.
- Lóðaframboð og skipulag: Markaðssetning lóða, nýr lóðavefur, afslættir fyrir atvinnulóðir og fjölbreytt og nægt framboð fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.
- Skipulagsvinna: Sveitarfélagið sé leiðandi í skipulagsvinnu með fjölbreyttum lausnum fyrir atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði. Í forgangi verði að hefja deiliskipulagsvinnu á Raufarhöfn og skipuleggja íþróttasvæði á Húsavík.
- Öruggar samgöngur: Lögð verði áhersla á barnvænar samgönguleiðir og bætt öryggi á leiðum á milli skóla, íþróttamannvirkja og frístundasvæða. Unnið verði að auknu umferðaröryggi s.s. við Lund í Öxarfirði og lokið verðið við gerð umferðaröryggisáætlunar.
- Íþrótt- og tómstundastarf: Við gildistöku íþrótt- og tómstundastefnu verði jafnframt til 10 ára aðgerðaáætlun um viðhald og uppbyggingu íþrótt- og tómstundamannvirkja.
- Viðhald fasteigna: Lögð verður áhersla á viðhald og betri nýtingu eigna sveitarfélagsins. Bætt náms- og æfingaaðstaða barna og unglunga verður í forgangi. Þar undir fellur t.d. endurnýjun á sal Borgarhólsskóla.



# Skipulag og uppbygging

06

- Almenningsamgöngur: Kanna í samstarfi við ríkið leiðir til að byggðar verði upp almenningsamgöngur fyrir ungmenni, eldri borgara og ferðafólk milli byggðakjarna sveitarfélagsins.
- Fjölnota húsnæði fyrir heilsutengda starfsemi: Kannaðar verði þarfir einkaaðila fyrir fjölnota húsnæði með það að markmiði að slíkri aðstöðu verði fundinn staður í skipulagi á Húsavík.

## Fyrir börn

Við ætlum að byggja upp sterkt, heilsueflandi og barnvænt samfélag þar sem menntun, íþróttir, frístundir og félagslegt öryggi mynda samfellda heild fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur. Jafnframt er lögð áhersla á að efla aðstöðu og samstarf skóla- og frístundastarfs. Markmiðið er að skapa samfélag þar sem lífsgæði, virkni og jöfn tækifæri eru í forgrunni og innviðir styðja við farsæld barna og unglunga.

- Farsæld barna: Tryggja að Norðurþing verði áfram leiðandi í þjónustu sem tilheyrir farsæld barna og stutt verði við foreldra og starfsfólk í uppeldi og menntun.
- Móttaka barna af erlendum uppruna: Hlúð verði sérstaklega að börnum af erlendum uppruna sem flytja í sveitarfélagið til að tryggja farsæld þeirra.



# Fyrir börn

07

- Endurskoðun þjónustu og gjaldskrár leikskóla: Áframhaldandi þróun á Betri leikskóla m.t.t. þarfa barna, fjölskyldna, starfsfólks og atvinnulífs.
- Samþætt skóla- og frístundastarf: Tryggja framhald samþættingar fyrir 4–8 ára og styrkja tengsl skóla, íþróttar og frístundastarfs m.a. með samstarfi við íþróttar- og tómstundafélög.
- Frístundastyrkir: Hækka styrki í 55 þúsund kr. og gera íþróttir og tómstundir aðgengilegri.
- Leik- og skólalóðir: Áframhaldandi uppbygging og viðhald leikvalla og skólalóða í sveitarfélaginu.
- Sveigjanleiki fyrir fjölskyldur: Betri sumarleyfisútfærslur leikskóla og sumarfrístundar og fjölgun samverustunda fjölskyldna yfir sumartímann.
- Sumarfrístund og ungmennastarf: Áframhaldandi uppbygging sumarfrístundar og stuðningur við 16-18 ára ungmenni með langvarandi stuðningsþarfir með sumarstörf.
- Tónlistarnám og menning: Vinna á biðlista sem hefur myndast í tónlistarskóla, styrkja tónlistarnám og efla barnamenningu t.d. í gegnum lista- og menningarsjóð.
- Framhaldsskólinn á Húsavík: Standa vörð um skólann og styðja við fjölbreytt nám.
- Heilsueflandi samfélag: Setja nýjan kraft í verkefnið Heilsueflandi samfélag og stuðla að eflingu hreyfingar barna og fullorðinna.



# Fyrir börn

08

- Íþróttá- og tómstundastefna: Ljúka við gerð íþróttá- og tómstundastefnu og gera 10 ára áætlun um uppbyggingu og viðhald íþróttá- og tómstundamannvirkja.
- Samráð og þátttaka: Auka lýðræðislega þátttöku barna og ungmenna með eflingu ungmennaráðs og árlegum sveitarstjórnarfundum unga fólksins.
- Fjölbreytt íþróttá- og tómstundastarf: Stuðla að aukinni fjölbreytni með samstarfi við íþróttá- og tómstundafélög.

# Fyrir fullorðna

Við viljum byggja upp samheldið og aðgengilegt samfélag, með áherslu á að nýir íbúar, eldri borgarar og einstaklingar með langvarandi stuðningsþarfir fái öflugan stuðning, skýra þjónustu og jöfn tækifæri til þátttöku. Jafnframt er lögð áhersla á að efla menningu, leiklist og viðburðalíf, tryggja fjölbreytt búsetuúrræði og styrkja félagslega innviði þannig að allir íbúar geti lifað virku, öruggu og innihaldsríku lífi. Lífsgæði allra íbúa eru höfð í forgrunni.

- Móttaka nýrra íbúa: Efla aðlögun og upplýsingagjöf til nýrra íbúa.
- Upplýsingagjöf um félagsþjónustu: Skýrt verði hvaða þjónusta fellur undir félagsþjónustu svo þjónustan verði aðgengilegri fyrir íbúa.
- Heilsueflandi samfélag: Setja nýjan kraft í verkefnið Heilsueflandi samfélag og efla hreyfingu barna og fullorðinna.



# Fyrir fullorðna

09

- Íbúðarkjarni: Undirbúa fjölgun íbúða fyrir fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- Hæfing og dagþjónusta: Miðjunni verði fundið varanlegt húsnæði.
- Réttindi fólks með langvarandi stuðningsþarfir: Virða samning SP og tryggja þjónustu sem styður sjálfstætt líf og þátttöku.
- Fjölbreytt búsetuúrræði: Fjölga búsetuúrræðum fyrir eldra fólk og bjóða val um eignar-, leigu- eða búseturéttaríbúðir.
- Öflugt félagsstarf eldri borgara: Efla virkni, heilsueflingu og samstarf við félög eldri borgara.
- Samráð og þátttaka: Efla öldungaráð og notendaráð og auka samráð sveitarstjórnar við ráðin.
- Menning og leiklist: Samtal við Leikfélag Húsavíkur um bættu aðstöðu félagsins og efling viðburðalífs.
- Bæjarhátíðir og samfélagsviðburðir: Styðja áfram við hátíðir sem efla samfélagsanda og þátttöku.



# Kjörnir aðalfulltrúar Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar, Framsóknarflokks og Óskalista í sveitarstjórn Norðurþings 2026-2030

10

Húsavík, 2. júní 2026

## *Fyrir hönd D lista*

---

Helena Eydís Ingólfssdóttir

---

Þorsteinn Snævar Benediktsson

## *Fyrir hönd B lista*

---

Bylgja Steingrímsdóttir

---

Eysteinn Heiðar Kristjánsson

## *Fyrir hönd S lista*

---

Kjartan Páll Þórarinsson

---

Rebekka Ásgeirsdóttir

## *Fyrir hönd Ó lista*

---

Ómar Gunnarsson